

# Próunarsjóður innflytjendamála 2015-16

## Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Sterkari saman – að fóta sig í nýju samfélagi

**Nafn styrkþega:** Brynhildur G. Flóvenz og Guðný B. Eydal

**Útdráttur:** Um er að ræða tilraunverkefni um stuðning og ráðgjöf nemenda í félagsráðgjöf og lögfræði við Háskóla Íslands við flóttafolk og hælisleitendur. Kennarar HÍ héldu utan um verkefnið og sáu um skipulag og fræðslu til nemenda ásamt starfsfólki Reykjavíkurborgar. 14 nemendur tóku þátt, sjö nemendur úr hvorri grein. Nemendur unnu í þórum, einn laganemi og einn félagsráðgjafarnemi. Starfsfólk Reykjavíkurborgar valdi flóttafolk og hælisleitendur sem boðið var að taka þátt og paraði saman hvert par nemenda við einn skjólstæðing eða fjölskyldu. Eftir að nemendur höfðu verið valdir til þátttöku var haldið námskeið þar sem farið var yfir réttarstöðu hælisleitenda og flóttafólks og hvaða réttindi þessir hópar eiga hér á landi. Auk þess var á námskeiðinu fjallað um helstu þætti slíkrar ráðgjafar og stuðnings, síðferðileg og hagnýt álitaefhi sem upp koma og nemendum kennt að bregðast við ýmsum aðstæðum. Nemendur aðstoðuðu skjólstæðinga sína við ýmiss konar málefni svo sem við húsnæðisleit og atvinnuleit og voru þeim einnig félagslegur stuðningur. Markmið verkefnisins var tvíþætt, annars vegar vildi HÍ leggja sitt af mörkum til að veita flóttafólk og hælisleitendum sem leitað hafa til Íslands stuðning og nýta til þess þá þekkingu sem er innan stofnunarinnar auk þess að léttu örlítið álagi af þeim stofnunum sem sinna þessum málaflokki. Hins vegar var markmiðið að þjálfa nemendur í að sinna samfélagslegum verkefnum á sínu fræðasviði og leggja þannig sitt af mörkum til samfélagsins. Tilraunaverkefnið stóð yfir í rúma two mánuði. Að því loknu var unnin ítarleg úttekt á verkefninu auk úttektar á réttarstöðu flóttafólks og hælisleitenda hér á landi og settar fram tillögur til úrbóta og hugmyndir að mismunandi fyrirkomulagi ráðgjafar nemenda til flóttafólks.